

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru í uppnámi vegna mikillar verðbólgu og ójafnvægis í hagkerfinu. Við þessar aðstæður er sá ávinningur sem samningarnir áttu að skila launafólki, að mestu horfinn.

Það reynir á endurskoðunarákvæði kjarasamninga nú þegar ljóst er að forsendur þeirra eru brostnar. Markmiðin sem samningsaðilar settu sér um stöðugleika í afkomu og skilyrðum launafólks og fyrirtækja, jafnt í efnahagslegum og félagslegum skilningi, hafa ekki náðst. Ársfundur ASÍ lýsir yfir vilja samtaka launafólks til þess að eiga aðild að því að endurnýja og treysta grundvöll og markmið kjarasamninganna. Skilyrði þess að svo megi verða er að atvinnurekendur og stjórnvöld axli ábyrgð á þessari stöðu. Verkefnið er að endurnýja tiltrú á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífinu og bæta launafólki það sem aflaga hefur farið.

Samtök launafólks sýndu mikla ábyrgð með gerð langtímasamninga árið 2004 og vildu með því skapa svigrúm til þess að takast á við fyrirséða óvissu í efnahagsmálum. Ársfundurinn leggur því sérstaka áherslu á að tiltrú og vilji launamanna til endurnýjunar langtímasamninga hverfur, ef endurskoðunarákvæðin virka ekki þegar á reynir.

Náist ekki viðunandi lausn við endurskoðun kjarasamninganna telur ársfundur ASÍ einsýnt að til uppsagnar þeirra muni koma 10. desember þannig að uppsögn þeirra taki gildi frá og með næstu áramótum .